# ÁRSSKÝRSLA



2004

## STJÓRN KKÍ

Á 43. ársþingi KKÍ í Stykkishómi voru eftirtaldir einstaklingar kosnir í stjórn KKÍ fyrir starfsárið 2003-2004.

| | |
|---|---|
| Stjórnarmenn til tveggja ára: | Hannes S. Jónsson<br>Gísli Páll Pálsson<br>Jón Halldórsson |
| Í varastjórn til eins árs: | Eyjólfur Guðlaugsson<br>Snorri Örn Arnaldsson<br>Bjarni G. Þórmundsson |

Eftirtaldir stjórnarmenn áttu eitt ár eftir af kjörtímabili sínu:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Ólafur Rafnsson |
| Meðstjórnendur: | Gísli Georgsson<br>Halldór Halldórsson<br>Sturla Jónsson |

Stjórnin skipti með sér verkum á eftirfarandi hátt:

| | |
|---|---|
| Formaður: | Ólafur Rafnsson |
| Varaformaður: | Hannes Jónsson |
| Ritari: | Gísli Georgsson |
| Gjaldkeri: | Sturla Jónsson |
| Meðstjórnandi: | Halldór Halldórsson |
| Meðstjórnandi: | Jón Halldórsson |
| Meðstjórnandi: | Gísli Páll Pálsson |

NEFNDIR, DÓMSTÓLL, ENDURSKOÐENDUR OG STARFSMENN KKÍ.

| | |
|---|---|
| Mótanefnd: | Ríkharður Hrafnkelsson<br>Hannes Jónsson<br>Jón Halldórsson |
| Dómaranefnd: | Bergur Steingrímsson<br>Hannes Jónsson<br>Kristinn Albertsson |
| Kvennalandsliðsnefnd: | Björg Hafsteinsdóttir<br>Guðni Hafsteinsson<br>Guðbjörg Norðfjörð<br>Eyjólfur Guðlaugsson |
| Karlalandsliðsnefnd: | Gísli Georgsson<br>Gísli Páll Pálsson |
| Unglingalandsliðsnefnd: | Björn Björgvinsson<br>Snorri Örn Arnaldsson |

| | |
|---|---|
| Dómstóll KKÍ: | Gísli Gíslason<br>Halldór Halldórsson<br>Helgi Ingólfur Jónsson<br>Jóhannes Karl Sveinsson<br>Bogi Hjálmtýsson |
| Aganefnd KKÍ: | Jón Eysteinsson<br>Ágúst Jóhannesson<br>Hrafn G. Johnsen |
| Til vara: | Gunnar Aðalsteinsson<br>Ingimar Ingason<br>Skúli Valtýsson |
| Félagaskiptanefnd: | Bjarni Steinarsson<br>Halldór Halldórsson<br>Elínborg Guðnadóttir |
| Til vara: | Kristinn Jörundsson<br>Hilmar Magnússon<br>Ragnar B. Sigurðsson |
| Endurskoðendur: | Ottó Hafliðason<br>Gísli Friðjónsson |
| Framkvæmdastjóri: | Pétur Hrafn Sigurðsson |
| Mótastjóri: | Björn Leósson |

Upplýsingar um störf nefnda koma fram í skýrslum þeirra.

## SKÝRSLA STJÓRNAR

Fljótlega eftir að ársþingi lauk kom stjórn KKÍ saman og skipti með sér verkum. Stjórnin hélt 17 bókaða fundi á árinu auk fjölmargra óformlegra funda. Bryddað var upp á þeirri nýjung að tengja stjórnarfundi í nokkur skipti við leiki í efstu deildum, og voru á þeim grundvelli m.a. haldnir fundir í Þorlákshöfn, Njarðvík, Hveragerði og Keflavík, samhliða viðburðum í Reykjavík þar sem fundir voru jafnan haldnir í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

**TILNEFNING Á KÖRFUKNATTLEIKSMANNI OG KONU ÁRSINS**
Stjórn KKÍ valdi þau Jón Arnór Stefánsson og Signýju Hermannsdóttur körfuknattleiksmann og konu ársins.

**SAMINGUR VIÐ HÓPBÍLA**
Samstarfssamningur við Hópbíla var gerður um fyrirtækjabikarkeppnina í körfuknattleik. KKÍ hefur verið með samning við fyrirtækið mörg undanfarin ár og var samningum breytt þannig að fyrirtækið verður aðal styrktaraðili Hópbílabikarsins.
Er samningurinn til þriggja ára. Áður var samstarf við Kjörís.

**SAMNINGUR VIÐ LÝSINGU**
Samstarfssamningur við Lýsingu var gerður um bikarkeppni KKÍ. Er samningurinn til þriggja ára og hefur samstarfið gengið mjög vel fram að þessu. Heitir bikarkeppnin Bikarkeppni KKÍ og Lýsingar. Áður var samstarf við Doritos og Ölgerðina.

**SAMNINGUR VIÐ ICELANDAIR**
KKÍ gerði nýjan samning við Icelandair og gildir hann til næstu tveggja ára. Er Icelandair elsta samstarfsfyrirtæki KKÍ og hefur samstarfið ávallt verið með miklum ágætum.

**SAMNINGUR VIÐ SKELJUNG**
KKÍ skrifaði nú nýlega undir samstarfssamning við Skeljung um að fyrirtækið verði annar af tveim stærstu stuðningsaðilum landsliða KKÍ. Samningurinn er til þriggja ára og KKÍ mjög mikilvægur

**SAMNINGUR VIÐ INTERSPORT**
Nú var að ljúka öðru ári samnings KKÍ og Intersport um Intersportdeildina og er þá eitt ár eftir af þeim samningi. Samstarfið hefur gengið einstaklega vel.

**SAMNINGUR VIÐ SAFALANN**
KKÍ hefur gert búningasamning við Safalann, umboðsaðila Errea á Íslandi. Samningurinn er okkur mjög hagstæður og samkv. samningnum verða búningamál landsliða Íslands á næstu arum í góðu lagi.

**SAMNINGUR VIÐ SÝN OG RÚV**
Aftur tókust samningar við báðar sjónvarpsstöðvarnar. Sýn sýndi frá leikjum í úrslitakeppni úrvalsdeildarinnar alls 13 leiki. RÚV sýndi frá leikjum í bikarkeppni KKÍ og Lýsingar og Hópbílabíkarnum auk eins leiks úr Intersportdeildinni alls 5 leiki.

**DRIPPLAÐ Í KRING UM LANDIÐ**
KKÍ var í samstarfi við Körfuknattleiksdeild Þórs Ak. og Regnbogabörn um dripl á körfubolta í kring um landið. Stóðu Þórsarar sig afburða vel í dripplinu og vakti tiltækið töluverða athygli.

**ELÍTUBÚÐIR**
Eins og undanfarin ár voru Elítubúðir haldnar sl. sumar undir stjórn Benedikts Guðmundssonar

**REGLUGERÐ UM ÚRVALSDEILDINA.**
Stjórnin vann reglugerð fyrir úrvalsdeildina á grundvelli framsals heimildar frá ársþingi KKÍ og lagði fyrir sérstakan formannafund 1. júlí til samþykktar.

**NBA ÆFINGABÚÐIR KKÍ OG ICELANDAIR**
Æfingabúðirnar voru haldnar í Smáranum sl. sumar og heppnuðust mjög vel. Tveir NBA leikmenn komu til landsins og mættu í æfingabúðirnar. Hétu þeir Lonny Baxter frá Chicago Bulls og Bobby Simmons frá Washington Wizards. Búðirnar voru undir stjórn Péturs Guðmundssonar

**SAMSTARF KKÍ OG ÍBR**
KKÍ og ÍBR gerðu með sér samstarfssamning um kynningu á körfuknattleik í skólum Reykjavíkur og mót innan skólanna. Átakið tókst ágætlega og var Hannes Jónsson verkefnisstjóri átaksins. Stóð átakið frá september til desember 2003. Gefið var út plakat með mynd af Jóni Arnóri Stefánssyni og Öldu Leif Jónsdóttur og var því dreift í skólana.

**GLOBAL GAMES**
KKÍ í samvinnu við Friðrik Ragnarsson stóð fyrir að senda lið á Global Games sem haldnir voru í Dallas sl. sumar. Um er að ræða eitt sterkasta mót fyrir landslið U-20 í heiminum. Ísland hafði forgöngu um að senda sameiginlegt landslið Norðurlandanna í mótið undir stjórn Friðriks og stóð það sig vel á mótinu. Frá Íslandi fóru auk Friðriks, Egill Jónasson, Helgi Magnússon, Jón Arnór Stefánsson og Ólafur Aron Ingason Fararstjóri var Erlingur Hannesson.

**EFTIRLITSMANNAKERFI Á LEIKJUM Í ÚRVALSDEILD**
KKÍ kom á eftirlitsmannakerfi á leikjunum sem fram fóru í úrvalsdeildinni, þar sem í senn var skráð frammistaða félaga við að framfylgja reglum um umgjörð leikja, samhliða mati á tilteknum atriðum dómgæslu. Ekki tókst að manna alla leiki en flesta þó. Eftirlitsmennirnir unnu sína vinnu í sjálfboðavinnu og stóðu sig allir mjög vel.

**ÚTGÁFA Á TÍMARITINU KÖRFUBOLTINN**
KKÍ í samstarfi við Eggert Baldvinsson og Tómas Gunnar Viðarsson gaf út Körfuboltann, 80 blaðsíðna glæsilegt tímarit til kynningar á körfuboltanum. Kom blaðið út í 12.000 eintökum og var dreift til félaganna og svo í öllum verslunum Nóatúns og Intersport.

**GÓÐGERÐARLEIKUR KKÍ**
Að þessu sinni fór leikurinn fram í Keflavík og var ákveðið að allur ágóði af leiknum rynni til samtakanna "Einstakra barna". Eins og áður voru það deildarmeistarar sem mættu bikarmeisturum í karla og kvennaflokki. Keflavík mætti annarsvegar liði Snæfells í karlaleiknum og liði ÍS í kvennaflokknum.

**HEILSUDAGAR ÍSÍ Í SMÁRALINDINNI.**
KKÍ tók þátt í Heilsudögum ÍSÍ í Smáralindinni 13. og 14. september í samstarfi við körfuknattleiksdeild Breiðabliks. Settar voru upp körfur og gestum og gangandi boðið að spreyta sig.

**JÓN ARNÓR STEFÁNSSON**
Þó það hafi ekki verið verk stjórnar KKÍ þá samdi Jón Arnór Stefánsson við Dallas Mavericks fyrir keppnistímabilið sem nú er að ljúka. Ástæða þykir að nefna það hér enda um stórviðburð að ræða í sögu íslensks körfuknattleiks. KKÍ boðaði til blaðamannafundar af þessu tilefni, og má segja að sá fundur hafi verið sá best sótti í sögu KKÍ. Jafnframt bauð KKÍ til kaffisamsætis aðstandendum Jóns Arnórs og þeim sem staðið hafa að ferli hans innan körfuknattleikshreyfingarinnar.

**FORMANNAFUNDIR KKÍ**
Þetta tímabil voru haldnir þrír formannafundir. Þann 1. júlí var haldinn fundur vegna reglugerðar um úrvalsdeild. 26. september var haustfundurinn haldinn og 20. mars var vorfundurinn haldinn.

**HANDBÓK FÉLAGANNA**
Handbókin var uppfærð og send til félaganna en í henni má finna margan fróðleik um rekstur körfuknattleiksdeilda og samskipti félaganna við KKÍ.

**FUNDIR**
Formaður og framkvæmdastjóri sóttu ársþing FIBA-Europe sem haldið var á Spáni.
Framkvæmdastjórar körfuknattleikssambanda Norðurlanda héldu símafund í október.
Norðurlandafundur framkvæmdastjóra og formanna Norðurlandanna var haldinn í janúar 2004.
Ólafur Rafnsson sótti tvo stjórnarfundi FIBA-Europe. Hann sótti einnig fund í laganefnd FIBA og fjárhagsnefnd FIBA Europe.
Pétur sótti fund unglinganefndar FIBA-Europe.

**SAMNINGUR VIÐ RÍKISVALDIÐ**
KKÍ fékk fjárframlög upp á kr. 500.000 á fjárlögum ársins 2004 til að mæta kostnaði vegna nefnda- og stjórnarsetu Ólafs Rafnssonar hjá FIBA Europe og setu Péturs H. Sigurðssonar í unglinganefnd FIBA Europe. KKÍ þarf að greiða fyrir flestar ferðir ofangreindra á fundi. ÍSÍ styrkir eina ferð á ári fyrir hvorn.

**FJÖLMIÐLAFULLTRÚI KKÍ**
KKÍ réð mann tímabundið, til að sjá um kynningu á Intersportdeildinni áður en hún hófst í haust. Var það Kristján Ólafsson. Var hans hlutverk að koma fulltrúum KKÍ eða félaganna í fjölmiðla og kynna á þann hátt körfuknattleikinn og þær breytingar sem gerðar voru á reglugerðum um úrvalsdeildina. Tókst það ágætlega, og fékk körfuknattleikur umfjöllun fyrir vikið í þáttum utan íþróttageirans.

**KEFLAVÍK Í EVRÓPUKEPPNI**
Í júní 2003, sendi KKÍ út tilkynningu til aðildarfélaga sinna um breytt fyrirkomulag Evrópukeppni félagsliða. Þegar fyrir lá að lið Keflavíkur hefði hug á að taka þátt í keppninni var unnið að því innan FIBA-Europe að fá Ísland flutt í vesturdeild m.a. vegna lægri ferðakostnaðar. Jafnframt ákvað stjórn KKÍ að styrkja Keflavík um kr. 200.000 vegna þátttöku liðsins, m.a. sökum þess að landslið Íslands höfðu lítil verkefni vegna ákvarðana FIBA-Europe um aðskilnað á keppnistímabili landsliða og félagsliða. Þótti stjórn KKÍ um gott framtak Keflvíkinga að ræða sem stuðlaði að aukinni útbreiðslu og umfjöllun um körfuknattleik almennt.

**KKÍ VEFURINN**
KKI.is hefur slegið gersamlega í gegn og var um að ræða 20-50% aukningu heimsókna frá fyrra ári. Fóru heimsóknir mest upp í 50.000 á mánuði í vetur sem er framar björtustu vonum. Tíðni upplýsinga og frétta á vefnum var aukin verulega með átaki innan KKÍ. Jafnframt lét KKÍ útbúa skilti sem sett voru upp hjá öllum félögum í Intersportdeildinni til að auglýsa upp vefslóðina. Haldinn var sérstakur fundur vinnuhóps um nýtingu vefsins til aukinnar útbreiðslu körfuknattleiks á Íslandi.

**VEFIR FÉLAGANNA**
Vefsíður félaganna verða sífellt öflugri og áhugaverðari. KKÍ hefur sýnt vefjum félaganna áhuga og reynt að efla þann þátt hjá félögunum með því að veita vefsíðuverðlaun fyrir vef mánaðarins og vef ársins. Vefur Keflvíkinga var valin besta vefurinn á sl. keppnistímabili.

**SKÝRSLUSKIL TIL ÍSÍ**
Félög hafa verið misdugleg við að skila inn starfsskýrslum til ÍSÍ. Sl. ár var veruleg fjölgun iðkenda innan körfuknattleiksins skv. starfsskýrslum ÍSÍ og hafa félög tekið sig þokkalega á í þeim efnum. Betur má ef duga skal og við yfirlestur á iðkendafjölda féalganna kemur víða í ljós að ekki eru allir tilkynntir inn til ÍSÍ sem iðka körfuknattleik.

**AFREKSMÁL**
Fulltrúar KKÍ áttu nokkra fundi með fulltrúum KSÍ og GSÍ varðandi afreksmál innan ÍSÍ. Enn fremur var fundað með fulltrúum ÍSÍ varðandi málið. Var töluverð óánægja með reglur afrekssjóðs og möguleika þessara sambanda á úthlutun úr honum. Eftir fund með forseta og framkvæmdastjóra ÍSÍ breyttust þessi mál til batnaðar og vonandi á það eftir að koma í ljós í næstu framtíð.

**UNGIR OG EFNILEGIR**
KKÍ fékk styrk fyrir Helenu Sverrisdóttur úr sjóði ungra og efnilegra íþróttamanna. Áður hafði sambandið fengið styrk vegna Egils Jónassonar.

**EFTIRLITSNEFND ÚRVALSDEILDAR**
Nefndin var sett á stofn og vann töluvert mikið starf við að halda utan um allar þær upplýsingar sem komu frá félögunum, s.s. fjárhagsáætlanir og ársuppgjör, samhliða því að úrskurða um brot á reglugerð um úrvalsdeild.

**STARFSÁÆTLUN STJÓRNAR**
Stjórn KKÍ setti sér ítarlega starfsáætlun fyrir starfsárið og var það í fyrsta sinn sem slíkt var gert með markvissum hætti.

**AFMÆLISHÓF KKDÍ**
Fulltrúum KKÍ var boðið að vera viðstaddir 40 ára afmælisfagnað KKDÍ. Sá viðburður fór vel fram í alla staði og var hinn glæsilegasti.

**STJÖRNULEIKUR KKÍ**
Hinn árlegi stjörnuleikur KKÍ var haldinn í Seljaskólanum 11. janúar sl. Tókst hann mjög vel og var mjög vel mætt í húsið. Ekki tókst að fá beina útsendingu frá leiknum, en RUV tók upp allan viðburðinn og sýndi valda kafla.

**STJÖRNULEIKUR KVENNA**
Stjörnuleikur kvenna var haldinn í Seljaskólanum að frumkvæði ÍR-inga. Tókst leikurinn mjög vel og mun stjórn KKÍ skoða alvarlega hvort KKÍ eigi að taka upp stjörnuleik kvenna á sama hátt og karlaleikinn.

**NÁMSKEIÐ FYRIR STÓRA STRÁKA**
Námskeið var haldið fyrir stóra stráka í nóvember. Mæting var frekar slök. Námskeiðið var í umsjón Péturs Guðmundssonar

**FJÖLMIÐLASEMINAR**
Eins og undanfarin sjö ár stóð KKÍ fyrir fjölmiðlaseminari. Þema seminarsins voru landsliðsmálin í körfuknattleik. Eftir seminarið var farið með hópinn á veitingahúsið Naustið og gerðu menn sér glaðan dag. Naustið gaf allan mat og er veitingahúsinu þakkað fyrir það.

**GOLFMÓT KÖRFUKNATTLEIKSMANNA**
Golfmótið fór fram í sjötta sinn og var það haldið undir öruggri stjórn Ríkharðs Hrafnkelssonar formanns mótanefndar KKÍ. Mótið var haldið í Leirunni. Sigurvegari án forgjafar var Nökkvi Gunnarsson og með forgjöf sigraði Kristinn Friðriksson.

**HEIÐURSVIÐURKENNINGAR**
Jón Eysteinsson fékk viðurkenningu fyrir frábær störf fyrir KKÍ á lokahófi sambandsins en Jón hættir sem formaður aganefndar eftir að hafa setið sem slíkur í 32 ár eða frá stofnun nefndarinnar.

**NÁMSKEIÐ FYRIR LUKKUDÝR**
Áætlað var að halda námskeið fyrir lukkudýrin í tengslum við Stjörnuleik KKÍ. Varð að fella námskeiðið niður vegna þátttökuskorts.

**NÁMSKEIÐ MEÐ JÓNI ARNÓRI**
KKÍ stóð fyrir námskeiði í körfuknattleik og notaði tækifærið þegar Jón Arnór Stefánsson kom til Íslands í febrúar. Var námskeiðið nefnt "Vesturstrandarúrslitin". Námskeiðið var undir stjórn Benedikts Guðmundssonar og var vel sótt. Fengu allir þátttakendur áritað plakat af Jóni Arnóri í æfingaleik með Dallas.

**LOKAHÓF KKÍ**
Hófið var haldið að Hótel Sögu 16. apríl. Enn var aðsókn að hófinu slök og verða félögin að taka sig á varðandi mætingu. Veislustjóri var Einar Bollason og heiðursgestur Sturla Böðvarsson samgönguráðherra.

**ÍÞRÓTTAÞING ÍSÍ**
Ólafur Rafnsson, Pétur Hrafn Sigurðsson, Hannes Jónsson og Snorri Örn Arnaldsson sóttu þing ÍSÍ sem haldið var 24. apríl sl.

**RÁÐNING NÝS FRAMKVÆMDASTJÓRA**
Pétur Hrafn Sigurðsson framkvæmdastjóri KKÍ í síðustu 17 árin hefur látið af störfum. Nýr framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn, en það er Snorri Sturluson.

# SKÝRSLA MÓTANEFNDAR

Mótanefnd var skipuð þeim Ríkharði Hrafnkelssyni formanni, Hannesi Jónssyni og Jóni Halldórssyni. Björn Leósson var starfsmaður mótanefndar.

Snæfell varð deildarmeistari í Intersport-deildinni, Breiðablik og Þór Þ. féllu í 1. deild. Úrslitakeppnin var mjög skemmtileg og spennandi og var mál manna að hún hefði aldrei verið jafn áhugaverð. Margar viðureignir enduðu með oddaleikjum. Snæfell hafði sigur á Hamri 2-0 í 8-liða úrslitum og Njarðvíkingar sömuleiðis gegn Haukum. Í oddaleikjum slógu Keflvíkingar Tindastól út og Grindvíkingar unnu KR. Keflvíkingar slógu Grindvíkinga út í oddaleik í undanúrslitum, en Snæfell sló Njarðvíkinga út í þremur viðureignum. Í lokaúrslitunum mættust Snæfell og Keflavík. Eftir sigur Snæfells í fyrsta leiknum sigraði Keflavík í næstu þremur leikjum og þar með 3-1 í viðureigninni.

Keflavík fagnaði einnig sigri í bikarkeppni KKÍ & LÝSINGAR eftir úrslitaleik við Njarðvík. Keflavík lék einnig til úrslita í bikarkeppni kvenna og sigraði KR í jöfnum og spennandi leik. Í Hópbílabikarnum vann Njarðvík eftir úrslitaleik gegn Keflvíkingum. Keflvíkingar sigruðu Tindastól í undanúrslitum, en Njarðvíkingar lögðu Grindvíkinga. Keppnin fór nú aftur fram í Laugardalshöll. Keflavík sigraði í Hópbílabikar kvenna, sem haldin var í fjórða sinn. Leikið var í Smáranum í Kópavogi. Í úrslitaleik bar Keflavík sigurorð af KR.

Í 1. deild kvenna léku sex félög, ÍR kom upp úr 2. deild. Keflavík varð deildarmeistari og einnig Íslandsmeistari eftir þrjá úrslitaleiki gegn ÍS. Keflvíkingar slógu Grindvíkinga út í undanúrslitum, 2-1, en ÍS hafði betur gegn KR, 2-0. ÍR féll á ný í 2. deild.

1. deild karla var skipuð tíu liðum á ný eins og gert er ráð fyrir. Ekki gekk það þó snuðrulaust fyrir sig því Reynir S. hætti við þátttöku í deildinni og þáði Selfoss sæti þeirra. Skallagrímur varð deildarmeistari, en auk þeirra komust Fjölnir, Valur og Ármann/Þróttur í úrslitakeppnina. Skallagrímur og Fjölnir tryggðu sér sæti í Intersport-deildinni, Fjölnir í fyrsta sinn. Skallagrímur tryggði sér síðan Íslandsmeistaratitil með sigri á Fjölni. Selfoss og ÍG féllu í 2. deild.

Alls var leikið í 6 landshlutadeildum í 2. deild karla. Úrslitakeppni 2. deildar karla, A-liða, fór að þessu sinni fram í Vík og Kirkjubæjarklaustri. Leikið var í riðlum á báðum stöðum, en úrslitaleikirnir fóru fram í Vík. Drangur og ÍA léku til úrslita og svo fór að Drangur sigraði og leikur í 1. deild að ári, ásamt ÍA.

Níu lið tóku þátt í 2. deild kvenna í vetur eins og í fyrra. Haukar tryggðu sér sæti í 1. deild, sigruðu í öllum 16 leikjum sínum í deildinni með ótrúlegum yfirburðum.

Bikarúrslit yngri flokka voru haldin í íþróttamiðstöðinni í Grafarvogi í byrjun mars. Fjölnir hafði veg og vanda að skipulagningu og umgjörð leikjanna sem var eins og best verður á kosið.

Nokkur brögð voru að því að dómarar skiluðu skýrslum seint eða ekki til KKÍ. Sérstaklega olli þetta vandræðum við framkvæmd á bikarkeppni yngri flokka. Nauðsynlegt er að dómarar taki sig á hvað þetta varðar og skili skýrslum án tafar til KKÍ að leik loknum.

Alls sendu 47 félög lið til keppni á Íslandsmótinu 2003-2004, auk þess var gestalið (unglingalandslið KKÍ í drengjaflokki). Félögum sem taka þátt í Íslandsmótinu fjölgaði því um fjögur frá síðasta ári. Þrjú félög sem voru með árið áður tóku ekki þátt að þessu sinni, en sjö ný bættist við. Þau sem ekki tóku þátt voru: Léttir, UMF Grundarfjarðar og Reynir Hellissandi sem sendu sameiginlegt lið til keppni (Selfoss/Laugdælir sendu ekki

sameiginlegt lið til keppni). Ný félög voru UMF Gr./Reynir H., Glói, Þóttur V., Skotfélag Akureyrar, Drangur, Dímon og Garpur. Af þessum 47 félögum tóku 43 þátt í deildarkeppninni í meistaraflokki, en 4 félög, sendu aðeins lið til keppni í yngri flokkunum. Þau voru: Kormákur, Reykdælir, UMF Bessastaðahrepps og Garpur.

# ÍSLANDSMÓT 2002-2003

Íslandsmeistarar í einstökum flokkum urðu sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Meistaraflokkur karla - Intersport-deild | Íþrótta og ungmennafélagið Keflavík |
| 1. deild kvenna | Íþrótta og ungmennafélagið Keflavík |
| 1. deild karla | Ungmennafélagið Skallagrímur |
| 2. deild karla | Ungmennafélagið Drangur |
| 2. deild kvenna | Knattspyrnufélagið Haukar |
| 1. flokkur karla (2. deild b-lið) | Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| Unglingaflokkur karla | Knattspyrnufélagið Haukar |
| Unglingaflokkur kvenna | Knattspyrnufélagið Haukar |
| Drengjaflokkur | Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| 11. flokkur karla | Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| 10. flokkur karla | Ungmennafélagið Fjölnir |
| 10. flokkur kvenna | Íþrótta og ungmennafélagið Keflavík |
| 9. flokkur karla | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| 9. flokkur kvenna | Ungmennafélag Grindavíkur |
| 8. flokkur karla | Knattspyrnufélag Reykjavíkur |
| 8. flokkur kvenna | Ungmennafélag Grindavíkur |
| 7. flokkur karla | Ungmennafélagið Fjölnir |
| 7. flokkur kvenna | Íþrótta og ungmennafélagið Keflavík |
| Minnibolti drengja | Ungmennafélag Njarðvíkur |
| Minnibolti stúlkna | Ungmennafélag Njarðvíkur |

ÍSLANDSMEISTARAR Í 2. DEILD YNGRI FLOKKA

| | |
|---|---|
| Minnibolti drengja | Breiðablik ungmennafélag d-lið |

**MEISTARFLOKKUR KARLA INTERSPORT-DEILD**

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Snæfell | 22 | 18 | 4 | 1884:1765 | 119 | 36 |
| 2. | UMFG | 22 | 18 | 4 | 2001:1859 | 142 | 36 |
| 3. | Keflavík | 22 | 15 | 7 | 2170:1942 | 228 | 30 |
| 4. | UMFN | 22 | 14 | 8 | 2027:1885 | 142 | 28 |
| 5. | Haukar | 22 | 13 | 9 | 1763:1746 | 17 | 26 |
| 6. | Tindastóll | 22 | 12 | 10 | 2038:1941 | 97 | 24 |
| 7. | KR | 22 | 11 | 11 | 2015:1939 | 76 | 22 |
| 8. | Hamar | 22 | 10 | 12 | 1834:1887 | -53 | 20 |
| 9. | ÍR | 22 | 6 | 16 | 1893:2014 | -121 | 12 |
| 10. | KFÍ | 22 | 6 | 16 | 1991:2265 | -274 | 12 |
| 11. | Þór Þorl. | 22 | 5 | 17 | 1844:2051 | -207 | 10 |
| 12. | Breiðablik | 22 | 4 | 18 | 1792:1958 | -166 | 8 |

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI INTERSPORT-DEILDAR

8-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Snæfell – Hamar | 99-86 | UMFG – KR | 95-99 |
| Hamar – Snæfell | 75-78 | KR – UMFG | 95-108 |
| | | UMFG – KR | 89-84 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Keflavík – Tindastóll | 98-81 | UMFN – Haukar | 100-61 |
| Tindastóll – Keflavík | 89-86 | Haukar – UMFN | 61-104 |
| Keflavík – Tindastóll | 98-96 | | |

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Snæfell – UMFN | 97-87 | UMFG – Keflavík | 99-84 |
| UMFN – Snæfell | 79-83 | Keflavík – UMFG | 116-105 |
| Snæfell – UMFN | 91-89 | UMFG – Keflavík | 106-105 (94-94) |
| | | Keflavík – UMFG | 124-76 |
| | | UMFG – Keflavík | 89-101 |

ÚRSLIT

| | |
|---|---|
| Snæfell – Keflavík | 80-76 |
| Keflavík – Snæfell | 104-98 |
| Snæfell – Keflavík | 65-79 |
| Keflavík – Snæfell | 87-67 |

**TÖLFRÆÐI INTERSPORT-DEILDAR - VERÐLAUNAHAFAR**
(Sjá nánar www.kki.is)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Flest stig í INTERSPORT – deild | Darrel Lewis | UMFG | 25,8 |
| Besta nýting úr 3ja stiga skotum | Jeb Ivey | KFÍ | 49,4% |
| Besta vítanýting | Jeb Ivey | KFÍ | 91,8% |
| Flest fráköst | Leon Brisport | Þór Þ. | 13,8 |
| Flestar stoðsendingar | Bethuel Fletcher | KFÍ | 7,7 |
| Flest varin skot | Troy Wiley | KFÍ | 4,4 |
| Flestir stolnir boltar | Clifton Cook | Tindastóll | 3,7 |

**ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ**

| | | |
|---|---|---|
| Úrvalslið Intersport-deildar | Lárus Jónsson | Hamar |
| | Pálmi Freyr Sigurgeirsson | Breiðablik |
| | Páll Axel Vilbergsson | UMFG |
| | Páll Kristinsson | UMFN |
| | Hlynur Bæringsson | Snæfell |
| Besti leikmaður | Páll Axel Vilbergsson | UMFG |
| Besti ungi leikmaðurinn | Sævar Haraldsson | Haukar |
| Besti erlendi leikmaður | Derrel Lewis | UMFG |
| Besti varnarmaðurinn | Sverrir Þór Sverrisson | Keflavík |
| Besti þjálfari | Bárður Eyþórsson | Snæfell |
| Besti dómari | Leifur Garðarsson | Haukar |
| Prúðasti leikmaðurinn | Lárus Jónsson | Hamar |

## LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KVENNA

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Keflavík | 20 | 17 | 3 | 1641:1209 | 432 | 34 |
| 2. | ÍS | 20 | 13 | 7 | 1322:1152 | 170 | 26 |
| 3. | KR | 20 | 12 | 8 | 1347:1284 | 63 | 24 |
| 4. | UMFG | 20 | 9 | 11 | 1307:1275 | 32 | 18 |
| 5. | UMFN | 20 | 7 | 13 | 1194:1415 | -221 | 14 |
| 6. | ÍR | 20 | 2 | 18 | 1074:1550 | -476 | 4 |

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI 1. DEILDAR KVENNA

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Keflavík – UMFG | 58-52 | ÍS – KR | 74-63 |
| UMFG – Keflavík | 65-62 | KR – ÍS | 52-62 |
| Keflavík - UMFG | 66-62 | | |

ÚRSLIT

| | |
|---|---|
| Keflavík – ÍS | 80-56 |
| ÍS – Keflavík | 67-77 |
| Keflavík - ÍS | 85-56 |

## TÖLFRÆÐI 1. DEILDAR KVENNA - VERÐLAUNAHAFAR

| | | | |
|---|---|---|---|
| Besta vítanýting | Anna María Sveinsd. | Keflavík | 85,5% |
| Besta nýting úr 3ja stiga skotum | Anna María Sveinsd. | Keflavík | 41,4% |
| Flest stig | Kesha Tardy | UMFG | 25,5 |
| Flest fráköst | Eplunus Brooks | ÍR | 18,4 |
| Flest varin skot | Alda Leif Jónsdóttir | ÍS | 3,3 |
| Flestir stolnir boltar | Andrea Gaines | UMFN | 4,9 |
| Flestar stoðsendingar | Alda Leif Jónsdóttir | ÍS | 6,6 |

## ÖNNUR EINSTAKLINGSVERÐLAUN SEM AFHENT VORU Á LOKAHÓFI KKÍ

| | | |
|---|---|---|
| Úrvalslið 1. deildar kvenna | Hildur Sigurðardóttir | KR |
| | Alda Leif Jónsdóttir | ÍS |
| | Sólveig Gunnlaugsdóttir | UMFG |
| | Birna Valgarðsdóttir | Keflavík |
| | Erla Þorsteinsdóttir | Keflavík |
| Besti leikmaður | Hildur Sigurðardóttir | KR |
| Besti ungi leikmaðurinn | María Ben Erlingsdóttir | Keflavík |
| Besti varnarmaðurinn | Hildur Sigurðardóttir | KR |
| Besti þjálfari | Gréta María Grétarsdóttir | KR |
| Besti erlendi leikmaðurinn | Katie Wolfe | KR |
| Prúðasti leikmaðurinn | Sólveig Gunnlaugsdóttir | UMFG |

## LOKASTAÐAN Í 1. DEILD KARLA

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Skallagrímur | 18 | 16 | 2 | 1639:1415 | 224 | 32 |
| 2. | Fjölnir | 18 | 15 | 3 | 1652:1317 | 335 | 30 |
| 3. | Valur | 18 | 15 | 3 | 1583:1416 | 167 | 30 |
| 4. | Ármann/Þróttur | 18 | 10 | 8 | 1507:1433 | 74 | 20 |
| 5. | Þór Ak. | 18 | 8 | 10 | 1516:1578 | -62 | 16 |
| 6. | Stjarnan | 18 | 7 | 11 | 1444:1437 | 7 | 14 |
| 7. | Höttur | 18 | 6 | 12 | 1320:1452 | -132 | 12 |
| 8. | ÍS | 18 | 6 | 12 | 1350:1508 | -158 | 12 |
| 9. | ÍG | 18 | 4 | 14 | 1316:1572 | -256 | 8 |
| 10. | Selfoss | 18 | 3 | 15 | 1417:1616 | -199 | 6 |

ÚRSLIT LEIKJA Í ÚRSLITAKEPPNI 1. DEILD KARLA

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Skallagrímur – Ármann/Þróttur | 104 – 61 | Fjölnir – Valur | 82 – 74 |
| Ármann/Þróttur – Skallagrímur | 82 – 85 | Valur – Fjölnir | 79 – 105 |

ÚRSLIT

| | |
|---|---|
| Skallagrímur – Fjölnir | 122 – 87 |

## 2. DEILD KARLA

Alls tók 21 félag þátt í 2. deild karla. Auk þess tóku 1. flokks lið þátt í deildinni sem B-lið. Deildinni skipt í sex deildir og leikið var heima og að heiman.

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-1

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | KR B | 18 | 15 | 3 | 1460:1217 | 243 | 30 |
| 2. | Breiðablik B | 18 | 13 | 5 | 1617:1297 | 320 | 26 |
| 3. | Haukar B | 18 | 13 | 5 | 1514:1187 | 327 | 26 |
| 4. | Grundarf/Reynir | 18 | 8 | 10 | 1306:1375 | -69 | 16 |
| 5. | Árvakur | 18 | 8 | 10 | 1288:1392 | -104 | 16 |
| 6. | Hrönn | 18 | 5 | 13 | 1179:1325 | -146 | 10 |
| 7. | Valur B | 18 | 1 | 17 | 1080:1651 | -571 | 2 |

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-2

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | ÍA | 15 | 11 | 4 | 1188:1079 | 109 | 22 |
| 2. | Reynir S. | 15 | 9 | 6 | 1292:1160 | 132 | 18 |
| 3. | HHF | 15 | 7 | 8 | 1155:1206 | -51 | 14 |
| 4. | Keflavík B | 15 | 6 | 9 | 1289:1338 | -49 | 12 |
| 5. | Deiglan | 15 | 6 | 9 | 1229:1310 | -81 | 12 |
| 6. | Fjölnir B | 15 | 6 | 9 | 1161:1221 | -60 | 12 |

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-3

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | HK | 15 | 11 | 4 | 1242:1035 | 207 | 22 |
| 2. | Ármann/Þróttur B | 15 | 10 | 5 | 1072:1012 | 60 | 20 |
| 3. | ÍR B | 15 | 9 | 6 | 1258:1275 | -17 | 18 |
| 4. | Þróttur V. | 15 | 9 | 6 | 1308:1067 | 241 | 18 |
| 5. | Stjarnan B | 15 | 5 | 10 | 1113:1191 | -78 | 10 |
| 6. | Umf. Glói | 15 | 1 | 14 | 1053:1466 | -413 | 2 |

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-4

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | KFÍ C | 12 | 9 | 3 | 907:827 | 80 | 18 |
| 2. | KFÍ B | 12 | 9 | 3 | 1014:791 | 223 | 18 |
| 3. | Hörður | 12 | 6 | 6 | 854:833 | 21 | 12 |
| 4. | Reynir Hní. | 12 | 5 | 7 | 734:834 | -100 | 10 |
| 5. | UMF Bol. | 12 | 1 | 11 | 700:924 | -224 | 2 |

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-5

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Skotf Ak | 12 | 10 | 2 | 1041:846 | 195 | 20 |
| 2. | Dalvík | 12 | 9 | 3 | 1138:781 | 357 | 18 |
| 3. | Tindastóll B | 12 | 7 | 5 | 935:761 | 174 | 14 |
| 4. | Smári V. | 12 | 4 | 8 | 907:917 | -10 | 8 |
| 5. | ÍFL | 12 | 0 | 12 | 466:1182 | -716 | 0 |

## LOKASTAÐAN Í 2. DEILD KARLA A-6

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Drangur | 12 | 11 | 1 | 1106:672 | 434 | 22 |
| 2. | ÍV | 12 | 8 | 4 | 941:816 | 125 | 16 |
| 3. | UMFH | 12 | 3 | 9 | 890:1064 | -174 | 6 |
| 4. | Dímon | 12 | 2 | 10 | 707:1092 | -385 | 4 |

## ÚRSLITAKEPPNI 2. DEILDAR KARLA

Sigurvegarar riðlanna komust í úrslit auk liða númer 2 í A2 og A6. Keppnin var að þessu sinni haldin í Vík og Kirkjubæjarklaustri. Riðlarnir voru leiknir hvor í sínum bænum og úrslitaleikirnir fóru fram í Vík. Liðunum var skipt í tvo riðla og léku allir við alla innan riðlanna. Tvö efstu liðin í hvorum riðli léku síðan til undanúrslita og sigurvegarar þeirra leikja úrslitaleik deildarinnar og tapliðin léku um 3. sætið o.s.f.v. Svo fór að Drangur og ÍA léku til úrslita og hafði Drangur betur. Bæði liðin unnu sér rétt til að leika í 1. deild að ári.

Riðlaskiptingin var eftirfarandi:
A-riðill: Drangur, HK, Reynir S. Hörður.
B-riðill: ÍA, ÍV, Grundarfjörður/Reynir H., Dalvík. Dalvík tók sæti Skotfélags Akureyrar.

## LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI:

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Drangur | 3 | 3 | 0 | 249:219 | 30 | 6 |
| 2. | HK | 3 | 2 | 1 | 219:211 | 8 | 4 |
| 3. | Reynir S. | 3 | 1 | 2 | 273:234 | 39 | 2 |
| 4. | Hörður | 3 | 0 | 3 | 202:279 | -77 | 0 |

## LOKASTAÐAN Í B-RIÐLI:

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | ÍA | 3 | 3 | 0 | 299:194 | 105 | 6 |
| 2. | Grundarfj./Reyn | 3 | 2 | 1 | 229:244 | -15 | 4 |
| 3. | ÍV | 3 | 1 | 2 | 241:251 | -10 | 2 |
| 4. | Dalvík | 3 | 0 | 3 | 220:300 | -80 | 0 |

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÍA – HK | 60-77 | Drangur – Grundarfjörður/Reynir H. | 95-80 |

LEIKIR UM SÆTI:

| | | |
|---|---|---|
| 1.-2. sæti: | Drangur – ÍA | 79-68 |
| 3.-4. sæti | HK – Grundarfjörður/Reynir H. | 86-68 |
| 5.-6. sæti | ÍV – Reynir S. | 76-116 |
| 7.-8. sæti | Hörður – Dalvík | 85-98 |

## 2. DEILD KVENNA

Alls tóku 9 félög þátt í 2. deild kvenna. Íslandsmeistari urðu Haukar.

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Haukar | 16 | 16 | 0 | 1529:527 | **** | 32 |
| 2. | Laugdælir | 16 | 11 | 5 | 933:910 | 23 | 22 |
| 3. | Tindastóll | 16 | 10 | 6 | 729:840 | -111 | 20 |
| 4. | Þór Ak. | 16 | 9 | 7 | 827:911 | -84 | 18 |
| 5. | KFÍ | 16 | 8 | 8 | 731:729 | 2 | 16 |
| 6. | Breiðablik | 16 | 8 | 8 | 782:835 | -53 | 16 |
| 7. | Hamar | 16 | 7 | 9 | 871:928 | -57 | 14 |
| 8. | Ármann/Þróttur | 16 | 2 | 14 | 665:1039 | -374 | 4 |
| 9. | UMFH | 16 | 1 | 15 | 753:1101 | -348 | 2 |

## 1. FLOKKUR KARLA

Tólf lið frá ellefu félögum léku í 1. flokki karla og léku þau í 2. deild karla. Þessi lið voru auðkennd með bókstafnum B: Ármann/Þróttur, Breiðablik, Haukar, KR, ÍR, Valur, Fjölnir, Stjarnan, Keflavík, KFÍ b og KFÍ c og Tindastóll.

## ÚRSLITAKEPPNI 1. FLOKKS KARLA (B-lið 2. deildar ka.)

Eftirtalin félög komust í úrslitakeppni 1. flokks karla: Ármann/Þróttur, Breiðablik, Keflavík, Haukar, ÍR, KR, KFÍ, Tindastóll.

8-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| KR – KFÍ | 107-73 | Ármann/Þróttur – Keflavík | 74-73 |
| Breiðablik – Tindastóll | 106-85 | Haukar – ÍR | 66-72 |

4-LIÐA ÚRSLIT

| | | | |
|---|---|---|---|
| Breiðablik – Ármann/Þróttur | 104-106 | KR – ÍR | 94-77 |

ÚRSLIT

**Ármann/Þróttur – KR 65-75**

## UNGLINGAFLOKKUR KARLA

Átta félög tóku þátt í unglingaflokki karla.

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | KR | 14 | 10 | 4 | 1279:1120 | 159 | 20 |
| 2. | Haukar | 14 | 10 | 4 | 1206:962 | 244 | 20 |
| 3. | UMFN | 14 | 10 | 4 | 1186:1026 | 160 | 20 |
| 4. | ÍR | 14 | 8 | 6 | 1188:1126 | 62 | 16 |
| 5. | UMFG | 14 | 8 | 6 | 1216:1112 | 104 | 16 |
| 6. | Fjölnir | 14 | 6 | 8 | 1199:1266 | -67 | 12 |
| 7. | Keflavík | 14 | 3 | 11 | 1081:1247 | -166 | 6 |
| 8. | Breiðablik | 14 | 1 | 13 | 846:1342 | -496 | 2 |

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| KR – ÍR | 106-78 | Haukar – UMFN | 102-87 (84-84) |
| **KR – Haukar** | **80-97** | | |

## DRENGJAFLOKKUR

Tólf félög voru upphaflega skráð í drengjaflokk og var þeim skipt í tvo riðla. Þegar ljóst var að þátttökuliðunum hafði fækkað niður í tíu eftir að mótið var hafið voru riðlarnir sameinaðir. Gerð var ný niðurröðun fyrir flokkinn, en úrslit þeirra leikja sem lokið var voru látin standa.

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | KR | 16 | 14 | 2 | 1451:1021 | 430 | 28 |
| 2. | Þór Ak. | 16 | 13 | 3 | 1306:1077 | 229 | 26 |
| 3. | Fjölnir | 16 | 12 | 4 | 1430:1180 | 250 | 24 |
| 4. | Keflavík | 16 | 9 | 7 | 1250:1173 | 77 | 18 |
| 5. | Haukar | 16 | 6 | 10 | 1089:1279 | -190 | 12 |
| 6. | Valur | 16 | 6 | 10 | 1054:1223 | -169 | 12 |
| 7. | ÍR | 16 | 5 | 11 | 1261:1296 | -35 | 10 |
| 8. | ÍA | 16 | 4 | 12 | 1075:1482 | -407 | 8 |
| 9. | KFÍ | 16 | 3 | 13 | 1007:1192 | -185 | 6 |
| 10. | Ungl. landslið | 0 | 0 | 0 | 0:0 | 0 | 0 |

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| KR – Keflavík | 96-72 | Þór Ak. – Fjölnir | 75-79 |
| **KR – Fjölnir** | **99-97 (86-86)** | | |

## 11. FLOKKUR KARLA

Eftirtalin félög tóku þátt í 11. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Fjölnir, KR, Keflavík, Þór Ak. ÍR
B-riðill: ÍA, Valur, Breiðablik, ÍV.
C-riðill: Snæfell, Stjarnan, Þór Þ., Þróttur V.
Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fjölnir – Þór Ak. | 74-65 | KR - Valur | 78-65 |
| **Fjölnir – KR** | **70-78** | | |

**10. FLOKKUR KARLA**

Eftirtalin félög tóku þátt í 10. flokki og var þeim skipt í þrjá riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Fjölnir, UMFN, Valur, Keflavík, ÍA.
B-riðill: Haukar, Breiðablik, UMFG, Tindastóll, UMFH.
C-riðill: Þór AK., Valur b, Kormákur, Reykdælir.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fjölnir – UMFN | 69-48 | Keflavík - Valur | 29-42 |
| **Fjölnir – Valur** | **66-60** | | |

**9. FLOKKUR KARLA**

Eftirtalin félög tóku þátt í 9. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: UMFN, Keflavík, Fjölnir, UMFH, Breiðablik.
B-riðill: UMFG, Tindastóll, Höttur, Hamar, Snæfell.
C-riðill: Valur, KFÍ, Þór Þ., KR, Þór Ak.
D-riðill: Kormákur, UMF Bessastaðahrepps, ÍR, Breiðablik b, Ármann/Þróttur.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| UMFN - Breiðablik | 73-51 | Fjölnir - Keflavík | 41-43 |
| **UMFN – Keflavík** | **87-44** | | |

**8. FLOKKUR KARLA**

Eftirtalin félög tóku þátt í 8. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Breiðablik, KR, ÍR, Haukar, Keflavík.
B-riðill: Tindastóll, Þór Þ. Hamar, Fjölnir.
C-riðill: Valur, Stjarnan, ÍA, Ármann/Þróttur.
D-riðill: UMFG, Skallagrímur, Þróttur V. Selfoss.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | KR | 4 | 4 | 0 | 230:135 | 95 | 11 |
| 2. | Breiðablik | 4 | 3 | 1 | 213:120 | 93 | 9 |
| 3. | ÍR | 4 | 2 | 2 | 166:215 | -49 | 4 |
| 4. | Keflavík | 4 | 1 | 3 | 140:197 | -57 | 3 |
| 5. | Haukar | 4 | 0 | 4 | 148:230 | -82 | 3 |

**7. FLOKKUR KARLA**

Eftirtalin félög tóku þátt í 7. flokki og var þeim skipt í fjóra riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Fjölnir, Breiðablik, UMFH, KR, Tindastóll.
B-riðill: Haukar, Snæfell, UMFN, Keflavík, ÍR.
C-riðill: Valur, Hamar, Ármann/Þróttur, Hörður
D-riðill: Þór Ak., Kormákur, Breiðablik b, Valur b, Reynir S.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Fjölnir | 4 | 4 | 0 | 217:115 | 102 | 11 |
| 2. | Breiðablik | 4 | 3 | 1 | 191:119 | 72 | 9 |
| 3. | Tindastóll | 4 | 2 | 2 | 132:176 | -44 | 8 |
| 4. | Haukar | 4 | 1 | 3 | 144:171 | -27 | 4 |
| 5. | UMFH | 4 | 0 | 4 | 112:215 | -103 | 4 |

## MINNIBOLTI DRENGJA

Eftirtalin félög tóku þátt í minnibolta drengja og var þeim skipt í fjóra riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Fjölnir, Tindastóll, Breiðablik, KR, UMFH.
B-riðill: UMFN, Hamar, Keflavík, Haukar, ÍR.
C-riðill: Þór Þ., Valur, Ármann/Þróttur, UMFG, Fjölnir b.
D-riðill: KFÍ, ÍA, Reynir S. Breiðablik b, Selfoss.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | UMFN | 4 | 4 | 0 | 175:133 | 42 | 8 |
| 2. | Fjölnir | 4 | 3 | 1 | 185:133 | 52 | 6 |
| 3. | Tindastóll | 4 | 2 | 2 | 156:141 | 15 | 4 |
| 4. | Hamar | 4 | 1 | 3 | 176:158 | 18 | 2 |
| 5. | Breiðablik | 4 | 0 | 4 | 112:239 | -127 | 0 |

## UNGLINGAFLOKKUR KVENNA

Eftirtalin félög tóku þátt í unglingaflokki kvenna og var þeim skipt í tvo riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Haukar, UMFG, Keflavík, UMFN, KR.
B-riðill: ÍR, Hamar, KR b, Snæfell.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| UMFG – KR | 67-38 | Haukar – Keflavík | 84-46 |
| **UMFG - Haukar** | **29-66** | | |

## 10. FLOKKUR KVENNA

Eftirtalin félög tóku þátt í 10. flokki kvenna og var þeim skipt í þrjá riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Keflavík, Fjölnir, UMFN, Tindastóll, Breiðablik.
B-riðill: Kormákur, UMFH, Þór Ak., ÍR, ÍA.
C-riðill: Haukar, Skallagrímur, Reykdælir, Selfoss, Þróttur V.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Keflavík – Fjölnir | 81-26 | Haukar – UMFN | 66-25 |
| **Keflavík - Haukar** | **44-41** | | |

## 9. FLOKKUR KVENNA

Eftirtalin félög tóku þátt í 9. flokki kvenna og var þeim skipt í þrjá riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: UMFN, UMFG, Hörður, Kormákur.
B-riðill: Keflavík, Hamar, Haukar, Snæfell.
C-riðill: ÍR, UMFH, KR, Garpur.

Í undanúrslitum og úrslitum léku eftirtalin félög saman:

| | | | |
|---|---|---|---|
| UMFG – Haukar | 48-35 | UMFN – Kormákur | 31-32 |
| **UMFG - Kormákur** | **37-26** | | |

## 8. FLOKKUR KVENNA

Eftirtalin félög tóku þátt í 8. flokki kvenna og var þeim skipt í tvo riðla.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: UMFG, Haukar, ÍR, Keflavík.
B-riðill: Snæfell, UMFH, Breiðablik, KR.
KR mætti ekki til leiks. Ármann/Þróttur kom með gestalið í 3. umferð.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | UMFG | 4 | 4 | 0 | 169:124 | 45 | 11 |
| 2. | Haukar | 4 | 3 | 1 | 145:133 | 12 | 9 |
| 3. | ÍR | 4 | 2 | 2 | 137:114 | 23 | 7 |
| 4. | Snæfell | 4 | 0 | 4 | 100:147 | -47 | 4 |
| 5. | Keflavík | 4 | 1 | 3 | 104:137 | -33 | 2 |

## 7. FLOKKUR KVENNA

Eftirtalin félög tóku þátt í 7. flokki kvenna.
Riðlaskipting í upphafi móts var þessi:
A-riðill: Keflavík, KR, ÍR, Snæfell, Selfoss.
KR og ÍR mættu ekki í 1. og 3. umferð og var vísað úr keppni.

LOKASTAÐAN Í A-RIÐLI

| Nr. | Félag | Leik | U | T | Stig | Nett | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Keflavík | 2 | 2 | 0 | 104:30 | 74 | 6 |
